

2. bekkur 2022-2023

Kennarar: Arndís María Erlingsdóttir; Fanney Rúnarsdóttir; Kristín Helga Magnúsdóttir

2

Lýsing

Náttúru- og samfélagsfræði er samþætt kennslu í íslensku því er stuðst við sömu kennsluáætlun í íslensku. Nemendur fá tækifæri til að vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra. Helstu áherslur í náttúrufræði í 2. bekk eru árstíðir, kraftar, landafræði og hafið.

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Náttúru- og samfélagsfræði er samþætt kennslu í íslensku því er stuðst við sömu kennsluáætlun í íslensku. Nemendur fá tækifæri til að vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra. Helstu áherslur í náttúrufræði í 2. bekk eru árstíðir, kortaflan, landafræði og hafið.

Unnið er með fjölbreyttan nemendahóp út frá hæfni og leikni hvers einstaklings. Sérkennarar og þroskaþjálfar vinna með nemendur sem þurfa frekari dýpkun.

Kennsluaðferðir:

- Byrjendalæsi
- Útlitunarkennsla: byggist á því að kennarar miðla þekkingu, útskýra, reifa eða ræða ólíkar leiðir, sjónarhorn eða lausnir sem vekja til umhugsunar
- Umræðu- og spurnaraðferðir: Byggist á því að kennarinn spyr spurninga og beitir öðrum aðferðum til að skapa umræður um tiltekin viðfangsefni.
- Stöðvavinna
- Hópvinna, paravinna.
- Skriflegar æfingar
- Vinnublaðakennsla
- Námsleikir og spil

Námsáætlun

Tímabil	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
Ágúst/september/október	Egill og Garpur, Haustið, árstíðir, mánuðir - Halló heimur, vettvangsferðir um nágrenni skólans	Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun. Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum. Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.
Nóvember/desember	Komdu og skoðaðu bilinn, Vettvangsferðir um nágrenni skólans	Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra. Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum
janúar/febrúar	Vetur - Halló heimur, Vettvangsferðir um nágrenni skólans	Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum
mars/apríl/mái/júní	Dýrin, Bréf frá Felix, Komdu og skoðaðu Hafið, Vor/sumar, árstíðir og mánuður - Halló heimur, Vettvangsferðir um nágrenni skólans	Útskýrt einkenni lifandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við

umhverfi.

Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga.

Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni.

Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun

Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í samfélagsgreinum í 2.bekk verður unnið með grunnþættina á eftirfarandi hátt :

Læsi

Að nemendur læri að lesa á sitt nærumhverfi og að þeir fái þjálfun í myndlæsi.

Lífi Sjálfbærni

Að nemendur verði meðvitaðir um endurvinnslu, flokkun og verndun á nánasta umhverfi.

Heilbrigði og velferð

Að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að neyta hollrar fæðu, hreyfa sig og gæta hreinlætis.

Lýðræði og mannréttindi

Að nemendur verði meðvitaðir um réttindi sín og skyldur í lýðræðissamfélagi og læri að taka ábyrgð á eigin lífi.

Jafnrétti

Að nemendur geri sér grein fyrir því að við erum ekki öll eins og að fjölbreytileiki og mismunur er eðlilegur.

Sköpun

Að nemendur vinni með skapandi verkefni og þeir fái að nýta sköpunarkraft sinn og ímyndunarafl.

Námsmat

Námsmat:

Engin formleg próf eru í náttúrufræði í 2. bekk. Verkefni sem unnin eru í þemum tengdum íslensku, verða metin og færð inn á hæfnikort nemanda.

Kennarar beita eftirfarandi námsmatsaðferðum við mat á vinnu og verkefnum nemenda:

Símat: Nemendur eru metnir jafnt og þétt allt námsárið með það að markmiði að nota niðurstöðurnar til að bæta námsárangur og kennslu. Matið getur verið skriflegt eða munnlegt og kennarinn gefur leiðandi umsögn sem nýtist nemendum við áframhaldandi nám.

Frammistöðumat: kennarinn metur hvernig nemandinn vinnur ákeðið verkefni. Áherslan er á að meta ferlið en ekki eingöngu afurðina. Þá er horft til þess hvernig nemandanum gengur að leysa verkefnið af hendi.

Sjálfsmat

Stöðugt alhliða námsmat: Vinna nemenda er metið við raunverulegar aðstæður. Matið byggist á vinnu nemenda, þekkingu þeirra, skilningi og leikni. Það fer fram á lengri tíma.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti

Einkunnarorð skólans, virðing, ábyrgð og vellíðan, eru höfð að leiðarljósi. Samskipti skulu einkennast af

gagnkvæmri virðingu og tillitssemi.

Mæting	Nemendur bera ábyrgð á að mæta stundvíslega í tíma.
Virkni í tímum	Áhersla lögð á að nemendur öðlist hæfni til að geta unnið sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
Heimavinna	Heimavinnu skal skilað á réttum tíma. Heimavinna er afhent á þriðjudögum og henni skal skilað í síðasta lagi viku síðar.
Ábendingar um hjálpargögn fyrir nemendur	Ýmsar gagnlegar vefsíður eins og Krakkavefur á mms.is.
Stoðþjónusta nemenda	Áætlun um stoðþjónustu er unnin með sérkennara.
Skyldur nemenda	Lögð er áhersla á að nemendur leggi sig fram um að vera virkir þátttakendur í skólastarfinu og eiga jákvæð samskipti við aðra.
Skyldur kennara	Kennari leitast við að byggja upp jákvæða sjálfsmynd nemenda. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám þar sem boðið er upp á fjölbreytta náms- og kennsluhætti.

Sel - náttúrugreinar 2. bekkur

- **Hæfni á námssviði**
- Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra.
- Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni.

Sel - náttúrugreinar 2. bekkur - Að búa á jörðinni

- Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum.

Sel - náttúrugreinar 2. bekkur - Náttúra Íslands

- Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun.
- Útskýrt einkenni lifandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi.

Sel - náttúrugreinar 2. bekkur - Heilbrigði umhverfisins

- Flokkað úrgang.

Sel - náttúrugreinar 2. bekkur - Geta til aðgerða

- Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.

Sel - náttúrugreinar 2. bekkur - Vinnubrögð og færni

- Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga.
- Hlustað á hugmyndir annarra.

Sel - náttúrugreinar 2. bekkur - Tjáning og miðlun

- Tekið virkan þátt í samræðum, hlustað á aðra og tjáð eigin hugsanir af öryggi.

Sel - náttúrugreinar 2. bekkur - Sjálfstæði og

samvinna

- Jafnan tekið tillit til annarra og unnið af öryggi með öðrum í hóp.
- Unnið mjög vel eftir fyrirmælum og sjálfstætt.

Sel - náttúrugreinar 2. bekkur - Ábyrgð og mat á eigin

námi

- Lagt sig fram við námið af alúð og nýtt tímann mjög vel.